

Reglur um rafræna vöktun eftirlitsmyndavéla HS Orku

Ábyrgð: @Arna Rúnarsdóttir

Á athafnasvæði HS Orku fer fram rafræn vöktun með eftirlitsmyndavélum í öryggis- og eignavörsluskyni. HS Orka gerir grein fyrir vöktuninni með skýrum hætti en staðsetningar eru auðkenndar með skilti sem komið er fyrir á áberandi stað á hverju vöktunarsvæði.

Ábyrgðaraðili:

HS Orka hf kt. 680475-0169, Orkubraut 3, 241 Grindavík, oryggi@hsorka.is er ábyrgðaraðili vöktunarinnar.

Persónuverndarfulltrúi:

Lögfræðingur HS Orku er persónufulltrúi félagsins með netfangið personuvernd@hsorka.is

Tilgangur vöktunar:

Tilgangur vöktunar er í öryggis- og eignavörsluskyni.

Heimild til vinnslu:

Við vöktunina er sérstaklega hugað að því að gæta meðalhófs og ganga ekki lengra en þörf krefur til að viðá einkalífsrétt þeirra sem vöktunin beinist að. Vöktunin fer aðeins fram í skýrum, málefnalegum og lögmætum tilgangi til að gæta hagsmuna félagsins í af öryggis- og eignavörslu.

Tegundir persónuupplýsinga:

Unnið er með myndefni sem verður til við vöktunina þar sem sjá má einstaklinga sem farið hafa um hið vaktaða svæði og athafnir þeirra.

Viðtakendur:

Allt myndefni er aðgengilegt öryggisstjóra, öryggisfulltrúum og upplýsingaræknideild HS Orku en ákveðnir verkferlar gilda um hverjir hafa aðgang að og geta skoðað myndefni HS Orku. HS Orka miðlar ekki persónuupplýsingum sem verða til við rafræna vöktun nema með skýru

samþykki viðkomandi eða ef mælt er fyrir um miðlun upplýsinga í lögum. HS Orku er skylt að afhenda lögreglu efni sem verður til við rafræna vöktun ef upplýsingar varða slys eða meintan refsiverðan verknað. HS Orka kann að miðla upplýsingum ef þær eru nauðsynlegar einum eða fleiri hinna skráðu til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja, t.d. þegar tryggingafélag tekur afstöðu til bótaskyldu.

Varðveislutími myndefnis:

Upplýsingar sem verða til við rafræna vöktun eru varðveittar í 30 daga skv. 11. gr. reglna nr. 50/2023 um rafræna vöktun. HS Orka eyðir upptökum að þeim tíma liðnum. Þetta á ekki við um upptökur sem hafa verið sendar lögreglu vegna slysa eða refsiverðra mála, upptökur vegna sönnunar krafna í dómsmálum eða annarra slíkra laganauðsynja eða að Persónuvernd heimili sérstaklega eða mæli fyrir um annan varðveislutíma.

Réttindi einstaklinga:

Einstaklingar eiga rétt á að skoða myndefni þar sem þeir sjást. Einnig eiga þeir rétt á að fá afrit af slíku myndefni að því gefnu að það skerði ekki réttindi og frelsi annarra. Að öðru leyti fer um réttindi einstaklinga samkvæmt III. kafla laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. nánar ákvæði í III. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679.

Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd:

Þeir sem sæta rafrænni vöktun eiga rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef þeir telja að vinnsla persónuupplýsinga þeirra gangi gegn persónuverndarlögum.